



Mat á aðgerðum sem stuðla að bættu öryggi vegkafla og vegamóta - Tarva aðferðin. Arna Kristjánsdóttir og Berglind Hallgrímsdóttir. Efla hf. - janúar 2022.

Ágrip skýrsluhöfunda:

Í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð notast yfirvöld við upplýsingar úr tólum líkt og Tarva til að meta núverandi umferðaröryggi á vegakerfinu sínu. Tólin hafa mismunandi eiginleika en þó virðist vera sem að flest ef ekki öll Norðurlöndin hafi einhvers konar aðferð við að meta umferðaröryggisástand vegakerfisins. Verkefnið sneri að því að skoða hvort möguleiki sé á því að notast við tól sem Finnar hafa þróað og heitir Tarva til að meta umferðaröryggi á stofnvegkerfinu á Íslandi.

Tarva er tól sem er notað af finnsku vegagerðinni og snýr að því að meta umferðaröryggi vegamóta og vegkafla. Í Tarva er reiknað út núverandi umferðaröryggi á vegakerfinu og væntanlegur fjöldi slysa meðalvarlegum meiðslum eða banaslys. Notast er við gögn úr rannsóknum til að meta mögulegan ávinningaáðgerða á þeim vegamótum og vegköflum og eru niðurstöður gefnar í fjöldaslysa og slysakostnaði.

Tarva er í sífældri þróun en eins og staðan er í dag er einungis hægt að skoða þrjár slysatæguindir og slysatíðni er einungis reiknuð út fráslysum með meiðslum. Það er hins vegar í höndum þess sem þróar líkanið á hverjum stað fyrir sig að velja hvaða slysatæguindir væri æskilegast að hafa í líkaninu. Með tilliti til þessara takmarkana væri æskilegt að þróa Tarva með áherslu á slys sem gerast utan við þéttbýlasta svæðið, höfuðborgarsvæðið. Niðurstöður sýna þó að unnt er að þróa Tarva líkan fyrir Ísland ef vilji er fyrir hendi.